

**LEB****Landssamband eldri borgara**

Langhóltsvegur 111, 104 Reykjavík
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835
Símar: +3545677111/ +3546986250
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is

Umsögn um þingskjal 217 – 200 mál

Alþingi
Erindi nr. P 139/415
komudagur 25.11.2010

Landssamband eldri borgara mótmælir harðlega aukinni skattheimtu sem refsar þeim sem hafa sýnt ráðdeild og sparsemi. Lífeyrisskerðingum er einnig harðlega mótmælt sem og frystingu á hækkun greiðslna frá TR upp á 2.7 milljarða króna. Því er einnig mótmælt að lífeyrir aldraðra verði óbreyttur næsta ár. Kjarasamningar eru lausir 1. desember og allar líkur á að samið verði um hóflegar kauphækkanir.

Eldri borgarar eiga rétt á sams konar hækkun á lífeyri eins og verður á kaupgjaldi, annað er brot á jafnræðisreglu laga um málefni eldri borgara og þannig mannréttindabrot. Ekki er unnt að hækka lífeyri ef það er bannað með lögum. Til þess að tryggja jafnrétti eldri borgara við launþega landsins verður að fella út ákvæðið um að lífeyrir eigi að vera óbreyttur næsta ár.

Auk þess bendir LEB á, að láglaunafólk hefur fengið 16% kauphækkun frá ársbyrjun 2009. Lífeyrir aldraðra hefur hins vegar ekkert hækkað á þessu tímabili. LEB fer fram á 20% hækkun á lífeyri vegna hækkunar sem þegar hefur orðið á kaupri láglaunafólks (vegna dráttar á leiðréttingu lífeyris aldraðra).

LEB krefst þess að skerðingar á grunnlífeyri sem tóku gildi 1. júlí 2009, verði dregnar til baka og mótmælir harðlega frekari kjaraskerðingum eldri borgara. Ljóst er að aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru þegar komnar vel yfir sársaukamörk og farnar að hafa alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar. LEB skorar á ríkisstjórnina að sýna í verki umrædda velferð til handa eldri borgurum í anda yfirlýstrar stefnu um norræna velferðarstjórn.

Fyrir hönd LEB

Helgi K. Hjálmsón, formaður.

Valgerður K. Jónsdóttir, framkv.stjóri